



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir

Á fundi velferðarráðs þann 21. júní 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs. Ekki er gert ráð fyrir að tillagan leiði til aukins kostnaðar.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Velferðarráð lagði fram breytingartillögu um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Reglurnar voru samþykktar svo breyttar og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Nauðsynlegt er að reglur um styrki sem þessa séu skýrar og aðgengilegar. Umræddar breytingar lúta að því að skýra meðferð og afgreiðslu umsókna ásamt því að hraða afgreiðslu umsóknanna með það fyrir augum að bæta þjónustu við þá sem þurfa á þessum styrkjum að halda og geta nýtt sér þá. Í undirbúningi reglna var tekið tillit til umsagnar frá aðgengis- og samráðsnefndar Reykjavíkurborgar og Öryrkjabandalagi Íslands sem og að rætt var við aðra hagsmunaaðila.

Fulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér eru lagðar til breytingar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks sem lúta að því að skýra meðferð og afgreiðslu umsókna ásamt því að hraða afgreiðslu umsóknanna. Fulltrúar Flokks fólksins og sósíalista telja jákvætt að verið sé að flýta umsóknarferlinu. Gott er að tekið hafi verið tillit til umsagnar ÖBÍ og aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fulltrúarnir hafa áhyggjur af því að komið geti til lækkunar styrkja ef margar umsóknar berast, nægar skerðingar er um að ræða hjá þessum hópi. Fylgjast þarf með fjölda umsókna og tryggja að fjárhæðir sem eru veittar í styrkjaþottinn séu nægar.

Reglurnar eru hér með sendar borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglnanna í Stjórnartíðindum.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga um nýjar reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, lögð fram á fundi velferðarráðs 21. júní 2023.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, samþykktar á fundi velferðarráðs 21. júní 2023.



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks. Ekki er gert ráð fyrir að tillagan leiði til aukins kostnaðar.

Greinargerð:

Gildandi reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 11. júní 2015 og á fundi borgarráðs þann 18. júní 2015 og tóku þær gildi 1. ágúst 2016. Breytingar voru samþykktar á reglunum á fundi velferðarráðs þann 23. október 2019 og á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2019.

Breytingar þessar eru lagðar til í kjölfar ábendinga frá Rafrænni miðstöð sem annast afgreiðslu umsókna um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks og lúta að því að skýra meðferð og afgreiðslu umsókna ásamt því að hraða afgreiðslu umsóknanna. Ekki er um verulegar breytingar að ræða frá gildandi reglum. Breytingarnar fela hins vegar í sér breytta uppröðun og kaflaskipan og þá fyrst og fremst með tilliti til málsmeðferðarreglna. Af þeim sökum var talið rétt að leggja fram tillögu að nýjum reglum sem samþykktar verði í heild sinni.

Helstu breytingar eru:

- Lagagrundvöllur er gerður skýrari og tilgreindur sérstaklega í 1. gr. reglnanna.
- Skýrar er kveðið á um að heimilt sé að sækja annars vegar um námsstyrk og hinsvegar styrk til verkfæra- og tækjakaupa (3. gr.).
- Kveðið er á um heimild til að lækka fjárhæð styrks komi til þess að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna (3.gr.).
- Auglýst er eftir umsóknum fyrir 1. september ár hvert en gildandi reglur kveða á um að auglýst skuli fyrir 1. október ár hvert (3. gr.).
- Skýrar er kveðið á um að það sé skilyrði fyrir rétti til styrks samkvæmt reglunum að umsækjandi sé fatlaður í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 (4. gr.).
- Sótt sé um styrki með rafrænum hætti á heimasíðu Reykjavíkurborgar en einnig sé hægt að sækja um á umsóknareyðublaði (5. gr.).
- Gerð er krafa um að umsækjandi skili bæði inn afriti af örorkuskírteini og vottorði frá fagaðila um staðfestingu á fötlun en í eldri reglum var gerð krafa um annað hvort (5. gr.).
- Umsókn er synjað ef hún er ófullnægjandi eða ef henni fylgja ekki nauðsynleg gögn (6. gr.).
- Frestur umsækjanda til að skila inn kvittunum er til 1. desember ár hvert. Skili umsækjandi ekki inn kvittunum innan tímamarkanna fellur styrkveiting úr gildi (6. gr.).



- Réttur til úthlutunar styrks nær til útgjalda/kvittana sem stofnað var til að hámarki 12 mánuðum fyrir auglýstan umsóknarfrest.
- Þá er málsmeðferðarkafli reglnanna uppfærður til samræmis við sambærileg ákvæði í öðrum reglum Reykjavíkurborgar sem eru á ábyrgð velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (8.-15. gr.).
- Lagt er til að reglurnar taki gildi 1. ágúst 2023 (16. gr.).
- Bráðabirgðaákvæði er varðar umsóknir fyrir árið 2019 er fellt brott.

Afgreiðslu umsókna og greiðslu styrkja þarf að vera lokið fyrir áramót hvert ár svo unnt sé að nýta það fjármagn sem úthlutað hefur verið. Því er lagt til að auglýst verði eftir umsóknum eigi síðar en 1. september ár hvert í stað 1. október eins og kveðið er á um í gildandi reglum. Með því að færa auglýsinguna fram til 1. september ár hvert skapast betra svigrúm til að afgreiða umsóknir og greiða út styrkina fyrir áramótin (3. gr.). Sömu sjónarmið eiga einnig við hvað varðar að veita umsækjanda frest til 1. desember ár hvert til að skila inn kvittunum vegna útborgunar styrks. (6. gr.).

Þá er nauðsynlegt að skýrar sé kveðið á um það að eitt af skilyrðum til að geta átt rétt á styrk samkvæmt reglunum sé að umsækjandi sé fatlaður í skilningi laga um þjónustu við faltað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 þar sem borið hefur á því að einstaklingar sem ekki eru fatlaðir í skilningi laganna sækja um styrki samkvæmt reglunum.

Einnig er talið nauðsynlegt að reglurnar kveði á um að umsækjendur þurfi að framvísa bæði afrit af örorkuskírteini og vottorð frá fagaðila um staðfestingu á fötlun (5. gr.) þar sem ekki er hægt að meta út frá örorkuskírteini einu og sér hvort umsækjandi heyri undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Þá er málsmeðferðarkafli reglnanna uppfærður til samræmis við sambærileg ákvæði í öðrum reglum Reykjavíkurborgar sem eru á ábyrgð velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Í gildandi reglum eru ákvæði varðandi málsmeðferð víða í reglunum og því talið mikilvægt að setja þær saman í málsmeðferðarkafli reglnanna.

Gildistökuákvæði reglnanna er tilgreint 1. ágúst 2023 en mikilvægt er að reglurnar taki ekki gildi síðar en þá svo unnt sé að auglýsa styrkina fyrir 1. september eins og lagt er til.

Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna breytinga sem fram koma í tillögnum.

Umsagnir

Drög að nýjum reglum um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks voru kynnt velferðarráði þann 7. júní 2023. Í kjölfarið voru drög að reglum kynnt helstu hagsmunaaðilum og þeim veitt færi á að skila inn umsögn um reglurnar.

Í umsögn Öryrkjabandalagsins kemur fram að allir sem njóta þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018 séu fatlaðir og því ætti að vera nóg fyrir umsækjanda að skila inn vottorði sem staðfesti fötlun. Ef gera eigi kröfu um það að umsækjanda þurfi að skila inn bæði örorkuskírteini og vottorði frá fagaðila um staðfestingu á fötlun, feli það í sér mismunun. Fram kemur í umsögninni að það sé ekki allt fatlað fólk sem annað hvort nýtur þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018 eða uppfyllir skilgreiningu hugtaksins „fatlaður“ eða „fatlað fólk“ sem er með örorkumat. Að sérfræðinga á skrifstofu málefna fatlaðs fólks er mikilvægt að styrkirnir nýtist þeim sem njóta þjónustu samkvæmt lögnum. Ljóst sé að einstaklingur geti verið með örorkuskírteini án þess að fá þjónustu á grundvelli laganna og því er lagt til að leggja þurfi bæði fram afrit af örorkuskírteini og vottorð frá fagaðila um staðfestingu á fötlun.

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks var almennt jákvæð og eru breytingarnar taldar flýta umsóknarferlinu. Í umsögninni gerir nefndin athugasemd við það skilyrði til styrkveitingar að umsækjandi hafi varanlega 75% örorku og veltir því upp hvort



skilyrðið um að umsækjandi sé fatlaður í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sé nægilegt eða hvort unnt væri að breyta kröfunni þannig að einungis sé þess krafist að viðkomandi hafi 75% örorku, enda sé það oft þannig að þrátt fyrir að fólk hafi varanlega fötlun þá fái það ekki varanlega örorku heldur þurfi hún að vera endurmetin á nokkurra ára fresti. Með vísan til framangreindrar athugasemdar er lögð til breyting á 3. tl. 4. gr. reglnanna á þann veg að í stað orðalagsins „hefur varanlega 75% örorku“ komi orðalagið „er metinn með 75% örorku“.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir

I. kafli Almenn atriði

1. gr. Lagagrundvöllur

Reglur þessar byggja á 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þar er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

2. gr. Markmið

Markmið reglnanna er að auðvelda fötluðu fólki með langvarandi stuðningsþarfir að verða sér úti um þekkingu og reynslu og að auka möguleika þess til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- a) sótt sér menntun,
- b) viðhaldið og aukið við þekkingu og færni og
- c) nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.

3. gr. Styrkir og styrkuppþæðir

Sú fjárhæð sem er til ráðstöfunar byggist á því fjármagni sem borgarstjórn ákveður hverju sinni og taka úthlutanir samkvæmt reglum þessum mið af þeirri fjárhæð. Ef kemur til þess að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna er heimilt að lækka fjárhæð styrksins.

Úthlutun styrkja samkvæmt reglum þessum fer fram einu sinni á ári og taka úthlutanir mið af fjárhagsáætlun og fjölda umsókna hverju sinni. Að jafnaði getur samþykktur styrkur til umsækjanda verið að hámarki 60.000 kr. í hverri úthlutun fyrir hvorn styrkinn.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu styrkja og vekur athygli á rétti fólks til umsókna með því að auglýsa einu sinni á ári á vef Reykjavíkurborgar. Auglýsing skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsókna og um aðferð við úthlutun. Auglýsa skal eigi síðar en 1. september ár hvert. Umsóknarfrestur er tvær vikur og skulu umsóknir afgreiddar innan tveggja vikna að loknum umsóknarfresti.

Um er að ræða eftirtalda styrki:

1. Námsstyrki til greiðslu útlagðs kostnaðar vegna námskeiðs- og skólagjalda og námsgagna, að tölvu undanskilinni. Námsstyrki má veita árlega ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggur staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok.
2. Styrki til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni. Styrkur til verkfæra- eða tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur sama einstaklingi oftari en annað hvert ár.

II. kafli

Umsóknir

4. gr.

Umsóknarréttur

Rétt til styrks samkvæmt reglum þessum á hver sá einstaklingur sem býr við andlega eða líkamlega fötlun, sbr. lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar¹, endurhæfingar² eða starfsendurhæfingar³ auk eftirfarandi skilyrða:

1. Á lögheimili á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar.
2. Er 18 ára eða eldri.
3. Er fatlaður í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Styrkir eru ekki veittir í stað starfsendurhæfingarúrræða samkvæmt lögum eða reglum sem gilda á vinnumarkaði né í stað endurhæfingarúrræða sem heilbrigðisþjónustan ber ábyrgð á að veita.

5. gr.

Umsókn og fylgigögn

Sótt er um með rafrænum hætti á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá miðstöð, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með umsókn til þess að hægt sé að afgreiða umsókn vegna náms og verkfæra- og tækjakaupa:

Gögn vegna námskostnaðar:

- a) Vottorð frá fagaðila um staðfestingu á fötlun.
- b) Greinargerð þar sem kemur fram mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda til að auka virkni umsækjanda og möguleika til atvinnuþátttöku.
- c) Frumrit af kvittun fyrir námskostnaði og/eða vegna námskeiðs- eða skólagjalda vegna yfirstandandi úthlutunarárs.
- d) Námsvottorð. Staðfesting frá skóla um skráningu í nám eða á námskeið.

¹ Hæfing hefur það að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðingar fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að úrræðið sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.

² Endurhæfingu er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er.

³ Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.

e) Ef óskað er eftir styrk vegna námsgagna þarf að fylgja sundurliðun á kostnaði við þau og staðfesting á nauðsyn þeirra.

Gögn vegna verkfæra- og tækjakaupa:

- a) Vottorð frá fagaðila um staðfestingu á fötlun.
- b) Greinargerð þar sem kemur fram mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda til að auka virkni umsækjanda og möguleika til atvinnuþátttöku.
- c) Frumrit af kvittun fyrir verkfæra- og tækjakaupum vegna yfirstandandi úthlutunarárs.

Umsækjandi skal leggja fram fyrrgreind gögn sem varða mat á umsókn. Umsækjandi getur þó veitt velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimild til þess að afla þeirra gagna sem það hefur þegar aðgang að.

6. gr.

Mat og afgreiðsla

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan tveggja vikna. Sinni hann ekki þeim tilmælum er umsókn synjað.

Séu skilyrði uppfyllt til þess að taka umsókn til meðferðar fer fram mat á umsókn. Við mat á umsókn um styrk er litið til þess hvort líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku og hvort hæfing sem óskað er eftir stuðningi við geti nýst á vinnumarkaði.

Tilkynna skal umsækjanda um úthlutun styrks með formlegum hætti. Umsækjandi skal skila kvittunum vegna útborgunar styrks fyrir 1. desember ár hvert. Skili umsækjandi ekki kvittunum innan framangreindra tímamarka fellur styrkveitingin niður nema fullnægjandi ástæður liggi þar að baki.

Úthlutaður styrkur er lagður inn á persónulegan reikning umsækjanda sem tilgreindur er í umsókn samkvæmt frumriti af greiðslukvittun.

Réttur til úthlutunar styrk nær til útgjalda/kvittana sem stofnað var til að hámarki 12 mánuðum fyrir auglýstan umsóknarfrest. Miðað er við dagsetningu frumrits greiðslukvittunar.

7. gr.

Endurkrafa

Styrkir sem veittir eru á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eru alla jafna endurkræfir. Sama gildir ef þeir eru nýttir í annað en samkvæmt upplýsingum í umsókn. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur endurkrafið viðkomandi um þá fjárhæð sem styrkþegi hefur fengið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

III. kafli

Málsmeðferð

sbr. ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993, ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

8. gr.

Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að einstaklingur geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

9. gr.

Könnun á máli

Kanna skal mál umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsóknarfresti lýkur.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

10. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsókna, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

11. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgangur umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um styrk til náms og verkfæra- og tækjakaupa hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til þess að krafist sé endurgreiðslu á styrknum, sbr. 7. gr. reglnanna.

12. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur Reykjavíkurborgar.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsfólki er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vef Reykjavíkurborgar.

13. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

14. gr.

Heimild til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

15. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað, í heild eða að hluta, skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar taki umsóknina til meðferðar en slík beiðni skal berast nefndinni innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

16. gr.

Heimild áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum þessum

Um áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar gilda reglur þar að lútandi sem byggja á 3. mgr. 6. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

17. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

18. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks. Reglur þessar taka gildi 1. ágúst 2023.